

## REGLUGERÐ

### um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 27. júlí 2018 eru allar veiðar á sæbjúgum bannaðar ótímabundið í Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) 65°26,85' N - 23°38,45' V um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall 65°00,00' N - 23°12,00' V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. júlí 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*